

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2024

2024/EES/76/04

frá 5. júlí 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/220 frá 12. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* NCIMB 30168 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1119/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/221 frá 12. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, endó-1, 3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC 74444, sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps og fráfærugrísi (leyfishafi er DSM Nutritional Products) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 403/2013 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/228 frá 12. janúar 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Companilactobacillus farciminis* CNCM I-3740 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna (leyfishafi er ChemVet dk A/S) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1876/2006 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/231 frá 12. janúar 2024 um leyfi fyrir blöndu með halófúgínónhýdróbrómiði (Stenorol) sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Huvepharma NV) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/239 frá 15. janúar 2024 um leiðréttingu og breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2022/1421, (ESB) 2022/652, (ESB) 2022/1490 og (ESB) 2022/320 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/252 frá 16. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 23375 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1065/2012 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/261 frá 17. janúar 2024 um leyfi fyrir svartpiparilmkjarnaolíu og svartpiparóleóresíni úr *Piper nigrum* L. sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og kjarna úr svartpipar í yfirmarksástandi úr *Piper nigrum* L. sem fôðuraukefni fyrir ketti og hunda ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/220, 15.1.2024.⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/221, 15.1.2024.⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/228, 15.1.2024.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/231, 15.1.2024.⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/239, 16.1.2024.⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2024/252, 17.1.2024.⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L, 2024/261, 18.1.2024.

- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/262 frá 17. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* IMI 360748, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis og fráfarugrís, um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps eða til undaneldis, skrautfugla og mjólkurgrísi (leyfishafi er Huvepharma NV) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2305 ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/285 frá 17. janúar 2024 um leyfi fyrir síberiuginsengrórtartinktúru úr *Eleutherococcus senticosus* (Rupr. & Maxim.) Maxim sem fóðuraukefni fyrir hunda, ketti og hesta ⁽⁹⁾.
- 10) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 11) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2006):
„— **32024 R 0228:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/228 frá 12. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/228, 15.1.2024).“
- Eftirfarandi undirliður bætist við í 61. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1065/2012):
„— **32024 R 0252:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/252 frá 16. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/252, 17.1.2024).“
- Eftirfarandi undirliður bætist við í 72. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2012):
„— **32024 R 0220:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/220 frá 12. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/220, 15.1.2024).“
- Eftirfarandi undirlið er bætt við 82. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 403/2013):
„, breytt með:
— **32024 R 0221:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/221 frá 12. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/221, 15.1.2024).“
- Eftirfarandi er bætt við 158. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2305):
„, breytt með:
— **32024 R 0262:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/262 frá 17. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/262, 18.1.2024).“
- Eftirfarandi er bætt við 442. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/320):
„, breytt með:

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L, 2024/262, 18.1.2024.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/285, 18.1.2024.

- **32024 R 0239:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/239 frá 15. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/239, 16.1.2024).“
7. Eftirfarandi undirlið er bætt við 449. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/652):
- „– **32024 R 0239:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/239 frá 15. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/239, 16.1.2024).“
8. Eftirfarandi er bætt við 463. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1490):
- „, breytt með:
- **32024 R 0239:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/239 frá 15. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/239, 16.1.2024).“
9. Eftirfarandi er bætt við 468. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1421):
- „, breytt með:
- **32024 R 0239:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/239 frá 15. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/239, 16.1.2024).“
10. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 546. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/265):
- „547. **32024 R 0220:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/220 frá 12. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* NCIMB 30168 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1119/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/220, 15.1.2024).
548. **32024 R 0221:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/221 frá 12. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC 74444, sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps og fráferugrísí (leyfishafi er DSM Nutritional Products) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 403/2013 (Stjtið. ESB L, 2024/221, 15.1.2024).
549. **32024 R 0228:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/228 frá 12. janúar 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Companilactobacillus farciminis* CNCM I-3740 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna (leyfishafi er ChemVet dk A/S) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1876/2006 (Stjtið. ESB L, 2024/228, 15.1.2024).
550. **32024 R 0231:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/231 frá 12. janúar 2024 um leyfi fyrir blöndu með halófúgínónhýdróbrómíði (Stenorol) sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Huvepharma NV) (Stjtið. ESB L, 2024/231, 15.1.2024).
551. **32024 R 0252:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/252 frá 16. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 23375 sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1065/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/252, 17.1.2024).
552. **32024 R 0261:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/261 frá 17. janúar 2024 um leyfi fyrir svartpiparilmkjarnaolíu og svartpiparóleóresíni úr *Piper nigrum* L. sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og kjarna úr svartpipar í yfirmarksástandi úr *Piper nigrum* L. sem fôðuraukefni fyrir ketti og hunda (Stjtið. ESB L, 2024/261, 18.1.2024).

553. **32024 R 0262:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/262 frá 17. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* IMI 360748, sem fæðuaukefni fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis og fráfærugrís, um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fæðuaukefni fyrir eldiskalkúna, allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps eða til undaneldis, skrautfugla og mjólkurgrís (leyfishafi er Huvepharma NV) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2305 (Stjtið. ESB L, 2024/262, 18.1.2024).
554. **32024 R 0285:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/285 frá 17. janúar 2024 um leyfi fyrir siberíuginsengrórtartinktúru úr *Eleutherococcus senticosus* (Rupr. & Maxim.) Maxim sem fæðuaukefni fyrir hunda, ketti og hesta (Stjtið. ESB L, 2024/285, 18.1.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/220, (ESB) 2024/221, (ESB) 2024/228, (ESB) 2024/231, (ESB) 2024/239, (ESB) 2024/252, (ESB) 2024/261, (ESB) 2024/262 og (ESB) 2024/285 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.